



**227. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 12. desember 2014 kl. 12:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Dagskrá:**

**1. Heiðurshöll ÍSí – tilnefningar**

Hafsteinn Pálsson gerði grein fyrir tillögum Heiðursráðs ÍSí um að Ásgeir Sigurvinsson og Pétur Karl Guðmundsson verði teknir inn í Heiðurshöll ÍSí á hófi um Íþróttamann ársins 2014, sem 8. og 9. einstaklingurinn inn í Heiðurshöll ÍSí. Tillögur Heiðursráðs ÍSí samþykktar einróma.

**2. Íþróttamaður ársins 2014**

Hófið verður haldið 3. janúar 2015 í Gullhömrum í Grafarholti.

**3. Ólympísk málefni**

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála í undirbúningi fyrir ólympísk verkefni.

**4. Smáþjóðaleikar 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði stöðu mála varðandi undirbúning Smáþjóðaleikanna 2015. Undirskrift samninga við Gullsamstarfsaðila leikanna fór fram 1. desember síðastliðinn. Við það tækifæri var lukkuðyr leikanna kynnt. Fyrstu tölur úr fjöldaskráningu á leikana er komin í hús. Miðað við þá skráningu þá gætu einhverjar greinar dottið af dagskrá vegna lítillar skráningar. Nokkuð af þeim nýja búnaði sem kominn er til landsins vegna Smáþjóðaleikanna verður profukeyrður á Reykjavík International Games nú í janúar.

**5. 72. Íþróttaping ÍSí**

72. Íþróttaping ÍSí verður haldið 17.-18. apríl nk. í Gullhömrum í Grafarholti. Fundarmenn minntir á tillögugerð og framboð.

**6. Afrekssjóður/afrekstefnur sérsambanda**

Friðrik Einarsson fylgdi úr hlaði minnisblaði Afrekssviðs ÍSí varðandi breytingar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSí í takt við þær athugasemdir sem gerðar voru á síðasta fundi. Reglugerðin samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum. Nokkrar umræður urðu um afrekstefnur sérsambanda og skilafresti. Lagður fram leiðbeinandi rammi ÍSí um afrekstefnur til upplýsingar.

## 7. Heiðranir

Engar tillögur til heiðrana lágu fyrir fundinum.

## 8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 226. fundur framkvæmdastjórnar
- 23., 24. og 25 fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ 8. desember 2014
- Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ frá 20. nóvember og 9. desember 2014

**Árið 2014 fékk ÍSÍ styrk frá Ólympíuhjálpinni vegna undirbúnings fyrir EYOWF 2015. Tillaga Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um að veita Skíðasambandi Íslands 1.500.000 kr. styrk af þeirri styrkuppþæð vegna undirbúnings fyrir EYOWF 2015 samþykkt samhljóða.**

- Afrekssjóður frá 10. desember 2014

Örn fór yfir fjárhagslega stöðu Afrekssjóðs ÍSÍ.

**Samþykkt heimild um að greiða HSÍ allt að 10 m.kr. í upphafi ársins 2015 sem hluta af væntanlegri heildarúthlutun ársins 2015, skv. tillögu Afrekssjóðs ÍSÍ.**

- Laganefnd ÍSÍ frá 11. desember 2014
- Heiðursráð ÍSÍ frá 10. nóvember og 1. desember 2014

## 9. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður 22. janúar nk. Verið er að skoða möguleika á vinnufundi stjórnar.

## 11. Önnur mál

### Roller Derby

Roller Derby íþróttin hefur verið viðurkennd sem íþrótt en ekki hefur verið fundið íslenskt heiti á íþróttinni. Lagðar fram tillögur að heiti íþróttarinnar frá íþróttafélagi sem stofnað hefur verið um íþróttina í Reykjavík. Samþykkt að skrifstofa kanni hjá Árnastofnun farveg varðandi nýyrði um íþróttatengd málefni.

### Samstarf ÍSÍ og Háskóla Íslands

Forseti skýrði frá fyrirhugaðri undirritun samstarfssamnings ÍSÍ og Háskóla Íslands um eflingu samstarfs á breiðum þverfræðilegum grundvelli. Stefnt er að undirritun 7. janúar nk.

### Vinnuhópar og nefndir

Samþykkt að stefna að skipan Byggingar- og skipulagsnefnd ÍSÍ á næsta fundi framkvæmdastjórnar. Hlutverk nefndarinnar væri að hafa yfirsýn yfir viðhald fasteigna eignaraðila í íþróttamiðstöðinni og setja langtímamarkmið vegna frekari uppbyggingar.

Samþykkt að stofna vinnuhóp til að endurskoða fyrirkomulag íþróttanefnda ÍSÍ. Íþróttanefndir hafa ekki stöðu innan skipulags ÍSÍ skv. lögum ÍSÍ og fyrirkomulagið sem notast er við í dag er ekki að öllu leyti heppilegt, ekki síst er varðar fjárhagslegt sjálfstæði.

Forseta og framkvæmdastjóra falið að útbúa tillögu um einstaklinga í ofangreindar nefnd og vinnuhóp fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir fundarritari